

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008
(viðurkenning námsbrautarlýsinga o.fl.).

Frá 1. minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og tekið til skoðunar þær umsagnir og sjónarmið sem fram hafa komið. Umsagnaraðilar hafa haft mismunandi skoðanir á frumvarpinu en að mati 1. minni hluta nefndarinnar eru 13. og 14. gr. frumvarpsins háðar verulegum annmörkum.

Breytingartillögur.

Innritun í framhaldsskóla byggist á hlutlægum mælikvörðum (13. gr.).

Fyrsti minni hluti telur mikilvægt að val á nemendum til innritunar í framhaldsskóla byggist á hlutlægum forsendum og að tryggt sé sem mest samræmi við töku slíkra ákvarðana. Fyrsti minni hluti telur að 13. gr. frumvarpsins sé háð verulegum annmörkum að þessu leyti enda sé þar verið að lögfesta heimild til að innrita nemendur í framhaldsskóla á grundvelli huglægra og óljósra þátta sem tengjast ekki námsárangri nemenda eða þekkingu. Verði frumvarpið að lögum verður innritun í framhaldsskóla ekki byggð á samræmdum eða samanburðarhæfum þáttum og ómögulegt verður að greina hvaða þættir leiddu til innritunar nemenda. Fyrsti minni hluti telur að þetta leiði til ójafnræðis og auki líkur á geðþóttaákvörðunum.

Auk þessa gerir 1. minni hluti verulegar athugasemdir við að námsárangri skuli ekki veitt meira vægi við innritun í framhaldsskóla. Verði ákvæðið lögfest má ætla að aðrir óskilgreindir þættir geti haft úrslitaáhrif um innritun í skóla, frekar en þekking og námsárangur nemenda. Að mati 1. minni hluta felur þetta í sér gengisfellingu námsárangurs. Í stað þess að hvetja börn til að afla sér þekkingar og leggja sig fram til að ná góðum árangri er gert lítið úr mikilvægi námsárangurs þar sem hann hefur samkvæmt ákvæðinu ekki afgerandi vægi við innritun. Fyrsti minni hluti telur þetta sérstaklega alvarlegt í ljósi hnignandi námsárangurs barna í íslenskum skólum á undanförunum árum.

Loks telur 1. minni hluti að slík heimild auki líkur á einsleitni skólanna og minnki sérhæfingu og sérstöðu hvers skóla með því að hvetja framhaldsskólana til að taka inn svipaða nemendahópa í alla framhaldsskólana.

Falskt öryggi og inngrip í frelsi nemenda til að ráða félagsmálum sínum sjálfir (14. gr.).

Fyrsti minni hluti telur að 14. gr. frumvarpsins sé haldin ýmsum vanköntum og að gildandi ákvæði um skólareglur og viðurlög sé betur til þess fallið að ná tilskildum árangri þegar upp koma ágreinings- eða agabrotamál í skólastarfi. Fyrsti minni hluti telur ekki til bóta að lögfesta ítarlegar reglur sem ætlað er að taka á öllum mögulegum aðstæðum og telur ljóst að aldrei verði unnt að ná utan um öll þau atvik sem kunna að koma upp í skólasamfélaginu. Að mati 1. minni hluta skapar 14. gr. frumvarpsins að þessu leyti falskt öryggi og felur jafnframt í sér tilfærslu ábyrgðar frá starfsfólki framhaldsskóla yfir á nemendur, sem oft eru börn, og foreldra þeirra. Auk framangreinds telur 1. minni hluti að verði 14. gr. frumvarpsins að lög-

um leiði það til þess að valdheimildir starfsmanna framhaldsskóla gagnvart nemendum aukist, sem og að sá hópur nemenda sem sæta myndi viðurlögum margfaldist.

Loks gerir 1. minni hluti verulegar athugasemdir við 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins þar sem er m.a. mælt fyrir um að nemendum sé skylt að hlíta fyrirmælum starfsfólks skóla „þar á meðal í starfi á vegum nemendafélaga framhaldsskóla“. Fyrsti minni hluti gagnrýnir þetta orðalag enda felst í því töluvert inngríp í frelsi oft lögráða einstaklinga til að ráða sínum félagsmálum sjálfir.

Með vísan til alls framangreinds leggur 1. minni hluti til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. 13. gr. falli brott.
2. 14. gr. falli brott.

Alþingi, 26. júní 2025.

Jón Pétur Zimsen,
frsm.

Guðrún Hafsteinsdóttir.

Snorri Másson.